Höfum of lengi talað fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna

segir Axel Helgason, trillukarl ársins og nýkjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda

Haustið 2016 var viðburðaríkur tími í lífi Axels Helgasonar trillukarls. Í lok september fékk hann viðurkenningu Landssambands smábátaeigenda sem trillukarl ársins á sjávarútvegssýningu í Laugardalshöll og tæpum þremur vikum síðar var hann orðinn formaður Landssambandsins. „Það var skyndiákvörðun hjá mér að bjóða mig fram. Kvöldið áður en ég mætti á landsfund sambandsins hringdi ég í fráfarandi formann og spurði hvað fælist í starfinu. Næsta dag ákvað ég að slá til," segir Axel þar sem hann tekur á móti blaðamanni Sóknarfæris á skrifstofu Landssambands smábátaeigenda við Hverfisgötu í Reykjavík.



Axel tekur við viðurkenningunni „Trillukarl ársins" úr hendi Elizu Jean Reid forsetafrúar á sýningunni Sjávarútvegur 2016 sem haldin var í Laugardalshöll í lok september.

Hvergi betra en í Breiðafirði

Axel er fæddur og uppalinn í höfuðborginni og segir að áhugi hans á smábátum hafi kviknað þegar hann var 17 ára og fór að vinna við bátasmíði í Hafnarfirði á blómaskeiði plastbátanna. „Á þessum árum fjölgaði smábátum ört í flotanum og í smiðjunni hjá okkur framleiddum við á tímabili einn bát á viku. Í dag er þessi framleiðsla ekki svipur hjá sjón."

Axel er með réttindi til bátasmíða og segist um skeið hafa fengist við að smíða hraðbáta úr plasti á eigin vegum. Sjálfur kom hann ekki nálægt útgerð fyrr en 2004. Þá keypti hann bát og fór að stunda grásleppuveiðar á Breiðafirði út frá Efri-Langey sem er í eigu fjölskyldu hans. „Mér finnst hvergi betra að vera en í Breiðafirðinum og því lá beint við að finna ástæðu til að dvelja þar lengur úr því að við vorum búin að koma okkur upp góðri aðstöðu í eyjunni. Þannig atvikaðist það að ég byrjaði mína útgerð."

Síðar smíðaði Axel nýjan bát, Sunnu Rós sem hann klárði árið 2014. Þegar Landssamband smábátaeiganda útnefndi Axel trillukarl ársins 2016 var í rökstuðningi bent á að auk þess að smíða sjálfur bátinn hefði hann einnig smíðað makríl- og grásleppuveiðibúnað um borð. Það þótti sérstaklega eftirtektarvert hve einfaldur, léttur og afkastamikill búnaðurinn er og var þess jafnframt getið að Axel var með einn af aflahæstu makrílbátunum 2016 þrátt fyrir að vera einn um borð.

93 þúsund tonn

Axel segir að þegar smábátar, 6 brl. og stærri, voru settir í aflamarkskerfið í kringum 1990 hafi verið um 2.100 bátar í flotanum. Þeir smábátaeigendur sem áttu báta minni en 6 brl. fengu að velja um aflamarkið eða banndaga sem átti að ljúka með kvótasetningu 1. september 1994. Hann segir að um 1.100 þeirra hafi farið í banndagakerfið en hinir í aflamarkið. Þá hófust þegar mikil uppkaup og úrelding á bátum til að ná kvótanum og í dag eru að sögn Axels einungis um 130 smábátar eftir á aflamarki. Hann segir að banndagakerfinu hafi verið bjargað frá aflamarkinu og nú séu þeir bátar í krókaaflamarki þar sem óheimilt er að færa veiðiheimildir yfir í aflamark. „Það gefur auga leið að ef Landssambandið hefði ekki staðið vaktina á þessum tíma væri engin smábátaútgerð stunduð hér en auk aflamarks og krókaaflamarks er nú öflugur floti á strandveiðum, grásleppu- og makrílveiðum," segir Axel. Í Landssambandi smábátaeigenda eru í dag 950 bátar og á síðasta ári veiddi þessi floti alls 93 þúsund tonn af fiski, þar af 27% af öllum þorski sem veiddur var við landið, 32% af ýsu og 58% af ufsa.



Axel á makrílveiðum um borð í Sunnu Rós en hann smíðaði sjálfur bæði bátinn og mest af veiðibúnaðinum um borð.

Mynd: Gunnar Már Yngvason.

Vistvænar veiðar

Axel segir spennandi verkefni að halda áfram að berjast fyrir tilverurétti smábátaflotans því rökin fyrir honum séu bæði mörg og góð. Hann segir áríðandi að opna augu stjórnmálamanna fyrir gildi vistvænna smábátaveiða og því hve miklu þær skipta fyrir byggðirnar í landinu. Tilflutningur á aflaheimildum stórra skipa geti sett líf heilu byggðarlaganna í uppnám eins og nýleg dæmi sýni. „Mér finnst við hafa talað of lengi fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna en það skýrist af því að stórútgerðin rekur mjög harða hagsmunagæslu og hefur með skefjalausum áróðri komið sínu fram. Okkar rök eru sterk og þeim verður ekki öllu lengur haldið frá umræðunni."

Axel segir sótspor fiskveiða veigamikil rök fyrir útgerð smábáta. „Smábátaveiðarnar eru umhverfisvænstu veiðarnar og sótspor af hverju kílói af smábátafiski er skv. nýlegri skýrslu Matís aðeins einn þriðji af sama magni af togaraveiddum."

Verkefnin

Að sögn Axels eru stærstu verkefnin núna að efla strandveiðar, stækka hlutdeild smábáta í makríl og afnám reglugerðar um kvótasetningu makríls. Á strandveiðum er krafan að leyfðar verði frjálsar veiðar fjóra daga í viku í fjóra mánuði á ári. „Það er bæði skilvirkara og öruggara. Eins og kerfið er í dag fara menn á sjó hvernig sem viðrar því núna er það „fyrstur kemur fyrstur fær" og það býður hættunni heim."

Hann segir kröfu um að stækka hlutdeildina í makríl úr 5% í að lágmarki 16% og bendir á að þegar makríll var kvótasettur hafi smábátar ekki fengið sanngjart tækifæri til að afla sér veiðireynslu. Eftir að makrílveiðarnar voru kvótasettar árið 2015 gegn miklum mótmælum, hófu einungis 50 bátar veiðar vegna lágs verðs og fjöldi þeirra rúmleg 130 báta sem fengu úthlutun, fengu ekki nóg til að réttlæta kostnaðinn við að hefja veiðar. Fyrsta árið náðist ekki að veiða nema tæpan helming af 7.000 tonna kvóta sem smábátum var úthlutað. Í ár gengu makrílveiðarnar mjög vel og þeir 47 bátar sem fóru til veiða veiddu tæp 9000 tonn.

Allur fiskur á markað

Axel segir smábátasjómenn afdráttarlaust þeirrar skoðunar að allur fiskur eigi að fara á markað og að þeir sem landi á markað eigi að njóta einhverskonar ívilnunar. „Virðisaukningin hjá þeim sem eru með vinnslu, útgerð og sölu erlendis er mjög mikil en það er lítið greitt af þeim virðisauka til samfélagsins. Auðlindagjaldið miðast bara við aflann þegar hann kemur að bryggjunni. Til að hvetja menn til að landa frekar á markaði ætti að lækka veiðigjöld hjá þeim sem það gera," segir Axel Helgason formaður Landssambands smábátaeigenda.

smabatar.is